



# Fundargerð stjórnar (8)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 16. júní 2021 og hófst kl. 16:00 og lauk kl. 18.16.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir og Matthías Matthíasson. Guðmundur Kristjánsson var fjarverandi. Jafnframt sat Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

## Dagskrá

*Hjallastefnan ehf*

1. **Fundargerð** frá 06.06.21 staðfest.

2. **Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra**

KDP kynnti skýrslu sína sem er aðgengileg með öðrum gögnum fundarins.

*Hjallastefnan - grunnskólar ehf*

3. **Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð BSR**

Stjórn staðfesti uppstillingu viðræðuhóps frá stýrihópi sem send var rafrænt 11.06.21. Í viðræðuhóp Hjallastefnunnar verða stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og Freyr Hermannsson frá foreldrum. Til stuðnings verða stjórnarmenn, foreldrar og starfsfólk kallað til eftir þörfum.

Borgarritari hefur fyrir hönd viðræðuhóps Reykjavíkurborgar boðað til fundar föstudaginn 18.06.21.

Farið var yfir og rætt ítarlega um áhersluatriði Hjallastefnunnar í samningunum á grunni minnisblaðs framkvæmdastjóra sem lá fyrir.

*Hjallastefnan - leikskólar ehf*

4. **Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð Leikskólans Öskju**

sbr. dagskrárlíð 3.

5. **Fyrirspurn frá Seltjarnarnesbæ vegna leikskóla**

Minnisblað núverandi og verðandi framkvæmastjóra lagt fram til kynningar. Stjórn Hjallastefnunnar tók ákvörðun um að sækjast ekki eftir auglýstum rekstri ungbarnaleikskóla en tengiliður foreldra á Seltjarnarnesi hafði vakið athygli á auglýsingunni.

*Bak-Hjalli ehf*

6. **Húsnæðismál á Vífilsstaðatorfunni**

Minnisblað frá MPÓ lagt fram. Umræða um viðræður Hjallastefnunnar við fulltrúa fjármálaráðuneytis og Garðabæjar og breyttar forsendur frá því viðræður hófust. KDP og HJ falið í samvinnu við lögfræðing sem farið hefur með málið að ljúka viðræðum um kaup á húsinu á grundvelli forsendna eins og myglu í fasteigninni og kostnaðar umfram upphaflegar áætlanir. MPÓ lagði til í umræðunni að stjórn tæki upp viðræður við sveitarfélagið um stöðu mála og framtíð Vífilsstaðatorfunnar.

MPÓ vék af fundi fyrir lok umræðu kl.17:46.

7. **Húsnæði BSR tryggir út skólaárið**

KDP kynnti fyrstu samningsdrög frá Grunnstoðum/HR fyrir stjórn. KDP & HJ falið að ganga frá samningi um framlengingu lóðarleigu í Öskjuhlíð.

Grunnstoðir hafa samþykkt niðurrif sem og framlengingu byggingarleyfis.

Deiliskipulag vegna lausu kennslustofanna og umsóknir komnar í farveg hjá borginni.

8. **Önnur mál**

Engin